



DEILISKIPULAG ÍRAFOSSTÖÐVAR OG LJÓSAFOSSTÖÐVAR Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Skipulagslýsing

18.04.2018





Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR	5
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna	5
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.1.2	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020	5
2.1.3	Deiliskipulag	6
2.1.4	Verndarsvæði	7
3	UMHVERFISÁHRIF	7
3.1	Matsskylda	7
3.2	Umhverfispættir og áherslur	7
4	DEILISKIPULAG	8
4.1	Markmið	8
4.2	Mannvirki	9
4.3	Samgöngur	9
4.4	Minjar og verndarsvæði	9
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	9
5.1	Samráð	10
5.2	Skipulagsferli	10
6	HEIMILDIR	10

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir deiliskipulag Írafossstöðvar og Ljósafossstöðvar í Grímsnes- og Grafningshreppi:

- Ljósafossstöð tekin í notkun 1937.
- Írafossstöð tekin í notkun 1953.

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við gr. 5.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Deiliskipulagið er unnið fyrir framkvæmdaraðila sem er Landsvirkjun, með heimild sveitarstjórnar, í samræmi við 38. gr. skipulagslaga. Ráðgjafar við skipulagsvinnuna eru EFLA verkfræðistofa. Deiliskipulagið snýst í megindráttum um að staðfesta núverandi landnotkun.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.



MYND 1. Skipulagssvæðið er sýnt með rauðri línu.

2 FORSENDUR

Deiliskipulagið tekur til Írafossstöðvar og Ljósafossstöðvar. Stöðvarnar voru teknar í notkun 1937 og 1953. Tengivirki er við Írafossstöð og þangað og þaðan liggja nokkrar háspennulínur. Svæðið umhverfis stöðvarnar er vel gróið og hefur trjáplöntum verið plantað á hluta þess. Við Írafossstöð eru íbúðarhús sem nýtt eru fyrir starfsfólk. Níu holu golfvöllur er við Írafossstöð.

Aðkoma að báðum stöðvunum er af Þingvallavegi. Grafningsvegur efri liggur til vesturs af Þingvallavegi og um athafnasvæði Írafossstöðvar.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

2.1.1 Landskipulagsstefna 2015-2026

Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu.

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggji örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

2.1.2 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020

Gert er ráð fyrir stöðvunum í aðalskipulaginu og einnig háspennulínum að þeim og frá. Einnig er gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðarsvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá. Eftirfarandi markmið eru sett fram í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020:

- „Að tryggja öruggar og skilvirkar samgöngur á svæðinu og gott sambýli akandi, gangandi, ríðandi og hjólandi umferðar; t.a.m. með því að lágmarka gatnatengingar, vegna nýrra byggðasvæða, við helstu umferðaræðar, samnýtingu afleggjara og samvinnu landeigenda, sveitarstjórnar og Vega-gerðar um gerð stíga.
- Að áætlun um verndun náttúru- og útivistarsvæða verði skýr og þau svæði sem klárlega beri að vernda verði skýrt afmörkuð.
- Að auðlindir svæðisins verði nýttar til atvinnu- og verðmætasköpunar án þess að gengið verði á mikilvæg svæði með verndargildi“¹.

¹ (Grímsnes- og Grafningshreppur 2009).

Gerð deiliskipulags kallar á eftirfarandi breytingar á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020:

Almennar breytingar

- Iðnaðarsvæði allra stöðvanna hafi sér númer en ekki sameiginlegt. Sama gildir um íbúðarsvæðin.
- Sýna þarf háspennulínur 66 kV og stærri á skipulagsupprætti og gera grein fyrir þeim í greinargerð.


Ljósafossstöð

- Lagfæra þarf afmörkun iðnaðarsvæðis og íbúðarsvæðis.

Írafossstöð

- Við Írafossstöð þarf að breyta svæði fyrir samfélagsþjónustu S11 í opið svæði. Einnig fella út lítið íbúðarsvæði sem er innan S11.
- Stækka þarf afmörkun iðnaðarsvæðis svo það nái yfir frárennslisgöng. Göngin þarf að sýna á uppdrætti. Gera ráð fyrir byggingu húss fyrir tengivirki.
- Mannvirki Mílu og Orkuveitunnar eiga að vera á iðnaðarsvæði.

Gert er ráð fyrir að gildandi aðalskipulagi verði breytt samhlíða gerð deiliskipulagins.



MYND 2. Hluti af Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020.

2.1.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu, né á aðliggjandi svæðum, sem taka þarf tillit til.

2.1.4 Verndarsvæði

2.1.4.1 Svæði á náttúruminjaskrá

Eftirtalin svæði eru á náttúruminjaskrá:

747. Alviðra og Sog. Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrufossvirkjun), ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.

2.1.4.2 Hverfisvernd

Eitt svæði er undir hverfisvernd í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Er það H20, Kermýri og strandsvæði við Sog (sjá Mynd 2). Jarðrask á ofangreindu svæði er með öllu óheimilt og einvörðungu verður leyfð takmörkuð mannvirkjagerð sem tengist útivist á svæðinu.

2.1.4.3 Minjavernd og húsakönnun

Fornminjar verða skráðar í tengslum við gerð deiliskipulagsins og gerð grein fyrir þeim. Jafnframt verður gerð húsakönnun (mannvirkjaskráning).

3 UMHVERFISÁHRIF

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og sviptomót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

3.1 Matsskylda

Bygging orkuvera með 10 MW uppsett rafafli eða meira er háð mati á umhverfisáhrifum skv. viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í deiliskipulagstillögunni verður gert ráð fyrir byggingu tengivirkishúss við Írafossstöð. Ekki er talið að bygging tengivirkis falli undir viðauka 1 þar sem orkuverið er þegar byggt.

3.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu 1. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 1 Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Náttúruminjasrá svæði nr. 743 og 747. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr.
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útivistar?	Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar / Verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar eða verndarsvæði?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Lög nr. 85/2005 um vernd vatnasviðs Þingvallavatns. Fornleifaskráning. Húsakönnun. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúruvá og öryggi	Er hætta á náttúruvá á svæðinu? Hefur skipulagið áhrif á tengingar við megin vegi út frá umferðaröryggi?	Saga svæðisins varðandi flód og jarðskjálfta. Vegalög nr. 80/2007.

4 DEILISKIPULAG

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.1.2 segir að deiliskipulag skuli gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skuli jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags. „Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir og settir skilmálar um byggðamynstur, mannvirki, landnotkun og nýtingu, vernd o.fl. eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags“ skv. gr. 5.1.3.

4.1 Markmið

Deiliskipulaginu er ætlað að setja ramma utan um starfsemi á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar og að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag. Deiliskipulagið snýst í meginráttum um að staðfesta núverandi landnotkun. Breytingar sem eru áformaðar eru að byggt verður tengivirkishús við Írafossstöð, tekin niður háspennulína og fjarlægð gömul hús. Þá verða vegtengingar af Þingvallavegi endurskoðaðar. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir frekari framkvæmdum á svæðinu.

Markmið Landsvirkjunar með gerð deiliskipulags fyrir Írafossstöð og Ljósafossstöð er að:

- Hafa gildandi deiliskipulag fyrir starfsstöðvarnar.
- Tryggja örugga umgjörð um aðgengi að svæðinu.
- Byggingarskilmálar séu til fyrir hús og önnur mannvirki.

Áhersla er lögð á að allar framkvæmdir falli vel að þeim mannvirkjum sem eru fyrir og falli einnig vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Gerð verður grein fyrir helstu veituvinnviðum eins og vatnsveitu, tengingu rafmagns, háspennulínnum og staðsetningu fráveitu. Samhliða deiliskipulagsvinnu verður framkvæmd mannvirkjaskráning (húsakönnun) og skráðar fornminjar innan skipulagssvæðisins.

4.2 Mannvirki

Gerð verður grein fyrir núverandi mannvirkjum og skilgreindar lóðir fyrir öll helstu mannvirki. Fyrirhuguð er bygging tengivirkishúss við Írafosstöð. Settir verða byggingarskilmálar fyrir ný mannvirki og viðhald eða breytingar á núverandi mannvirkjum.

4.3 Samgöngur

Samgöngur að og innan skipulagssvæðisins verða yfirfarnar og leitast verður við að bæta umferðaröryggi, t.d. með því að fækka tengingum við Þingvallaveg.

4.4 Minjar og verndarsvæði

Í tengslum við gerð deiliskipulags verða fornminjar skráðar á svæðinu og eftir atvikum sett verndarsvæði um þær.

Unnin verður mannvirkjaskráning (sambærileg við húsakönnun) samhliða deiliskipulagsvinnunni. Settir verða skilmálar um núverandi og ný mannvirki í samræmi við niðurstöðu könnunarinnar. Markmiðið er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Í gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð segir "Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar".

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun deiliskipulagstíllögunnar.

Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulagslýsingin verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa <http://www.utu.is/>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni. Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Þingvallanefnd/þjóðgarðsvörður
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands

- Vegagerðin
- Landsnet
- Fiskistofa
- Hafrannsóknastofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands

5.1 Samráð

Deiliskipulagið verður unnið í samráði verkkaupa og sveitarfélags. Á vinnslutíma mun tillagan verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn.

5.2 Skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

Mars/apríl 2018	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Maí/júlí 2018	Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, tillagan kynnt almenningi skv. 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga og tillaga lögð fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
Ágúst/september 2018	Tillaga samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send til umsagnar- aðila skv. 41. gr. skipulagslaga. Auglýsing skipulagstillögu og gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Október/nóvember 2018	Tillaga afgreidd í sveitarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun skv. 42. gr. skipulagslaga.
Desember 2018	Gildistaka breytingar á deiliskipulagi auglýst í B- deild stjórnartíðinda.

6 HEIMILDIR

Grímsnes- og Grafningshreppur 2009. Grímsnes- Og Grafningshreppur 2008-2020. Endurskoðun Aðalskipulagsins 2002-2014. Stefnumörkun - Umhverfismat. Greinargerð.
<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425409492137500>.